

Ríkiskaup
Fyrir hönd Bankasýslu ríkisins
Borgartún 7c
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2021

Efni: Ráðgjafarhlutverk í tengslum við sölufarli á eignarhlut íslenska ríkisins í Íslandsbanka hf.

Arctica Finance hf., kt. 540509-1820, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, („Arctica“) lýsir með bréfi þessu yfir áhuga á að verða a) sjálfstæður fjármálaráðgjafi, eða b) söluráðgjafi, í tengslum við alþjóðlegt frumútboð á eignarhlutum íslenska ríkisins í Íslandsbanka hf. („Íslandsbanki“).

Vísað er til óskar Ríkiskaupa um yfirlýsingar vegna áhuga á mögulegu ráðgjafarhlutverki, sem er dagsett 2. febrúar 2021 og birtist á vef stofnunarinnar (Tender Document).

Hér að neðan og í viðaukum við bréf þetta verður nánar gerð grein fyrir atriðum sem óskað var eftir, s.s. þeirri reynslu sem starfsfólk Arctica býr fyrir og hæfni félagsins til að sinna þeim hlutverkum sem það sækist eftir með bréfi þessu.

Um Arctica Finance hf.

Arctica er óháð verðbréfafyrirtæki sem starfar samkvæmt leyfi og undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Arctica og starfsfólk þess hefur yfirgripsmikla reynslu af milligöngu með skráða og óskráða fjármálagerninga, þ.m.t. reynslu af skráningu og afskráningu félaga í og úr kauphöll, og umsjón með almennum útboðum. Félagið veitir fagfjárfestum og öðrum aðilum á markaði víðtæka fjármálaþjónustu.

Starfsmenn Arctica eru nú 16 talsins og hafa þeir umfangsmikla og áralanga reynslu af þjónustu og ráðgjöf af því tagi er félagið býður upp á, þ.m.t. fjármálaráðgjöf og fjárfestingaráðgjöf. Arctica útvisstar allri stoðþjónustu og því eru nær allir starfsmenn félagsins framlínufólk í beinum tengslum við viðskiptavinum. Tengslanet starfsmanna Arctica teygir sig víða og hafa starfsmenn félagsins unnið margvísleg verkefni erlendis, m.a. á Norðurlöndum, Bretlandseyjum, meginlandi Evrópu og Norður-Ameríku.

Arctica veitir viðskiptavinum sínum þjónustu í gegnum þrjú svið, Fyrirtækjaráðgjöf, Markaðsviðskipti og Eignastýringu. Innan Eignastýringar er veitt sérhæfð eignastýring einkum til fagfjárfesta og innan sviðsins er unnið að undirbúningi að markaðssetningu sérhæfðra sjóða til fagfjárfesta. Markaðsviðskipti sinna miðlun verðbréfa fyrir viðskiptavinum félagsins auk þess sem Markaðsviðskipti hafa komið að sölu og eftir atvikum undirbúningi að frumútgáfum hluta- og skuldabréfa fyrir útgefendur. Starfsmenn Fyrirtækjaráðgjafar sinna margvíslegum ráðgjafarverkefnum í tengslum við kaup- og sölu fyrirtækja eða samruna þeirra og skráningu fjármálagerninga fyrirtækja í kauphöll. Auk þess annast deildin ráðgjöf varðandi fjármögnun fyrirtækja t.a.m. með því að annast umsjón með útgáfu verðbréfa sem, eftir atvikum, eru skráð á markað fyrir milligöngu Arctica.

Viðmið við ráðningu ráðgjafa

Umfjöllun hér að neðan vísar að þeim atriðum sem Ríkiskaup óskaði eftir upplýsingum um, s.s. í tengslum við reynslu,¹ hæfni, getu og þekkingu.

Arctica er eitt umsvifamesta fyrirtækið á Íslandi á sviði fyrirtækjaráðgjafar. Sem slíkt hefur Arctica mikla reynslu af sölu á eignarhlutum í fyrirtækjum á Íslandi. Sú reynsla sem starfsmenn Arctica hafa öðlast í þeim fjölmörgu verkefnum sem þeir hafa komið að og/eða leitt nýtist vel við að sinna því hlutverki sem Arctica sækist eftir með bréfi þessu. Einkum og sér í lagi reynslan af verkefnum sem fela í sér frumútböð hlutafjár í fyrirtækjum og samhliða skráning sem og útgáfa skráðra hlutfélaga á nýju hlutafé. Varðandi dæmi um þau verkefni sem Arctica hefur unnið að vísast til viðhengja við bréf þetta.

Innan Markaðsviðskipta Arctica starfa miðlarar sem allir hafa áralanga reynslu af verðbréfamiðlun. Viðskiptavinir Arctica eru að meginstefnu til innlendir stofnana- og fagfjárfestar, en einnig öflugir einkafjárfestar, innlendir sem erlendir. Arctica er aðili að Kauphöll Íslands og framkvæmir viðskiptafyrirmæli viðskiptavina sinna með verðbréf sem þar eru skráð. Arctica hefur tekið að sér allnokkur verkefni á undanförunum árum sem fela í sér umsjón með sölu verðbréfa og eftir atvikum skráningu þeirra í kauphöll. Slík verkefni eru ýmist unnin af Markaðsviðskiptum, Fyrirtækjaráðgjöf eða í samvinnu deildanna tveggja, allt eftir eðli verkefnisins og umfangi.

Innan Arctica er reglulega unnið og kynnt greiningarefni. Til að mynda er slíkt iðulega gert í tengslum við verkefni Fyrirtækjaráðgjafar Arctica í formi skýrslna, kynninga og minnisblaða, þar sem umfjöllun er um viðkomandi verkefni, fyrirtæki og verðbréf þeirra. Slíkar greiningar eru fyrir tiltekna viðskiptavinum en eru ekki birtar opinberlega, og eftir atvikum er afhending þeirra háð undirritun trúnaðaryfirlýsingar. Því er ekki um opinbera fjárfestingarráðgjöf að ræða.

Innan Arctica er afar góð þekking á helstu íslenskum aðilum sem gefið hafa út fjármálagerninga á alþjóðlegum mörkuðum, svo sem ríki, fjármálastofnunum og fyrirtækjum.

Arctica leggur mikla áherslu á að sinna hlutverki sínu með samfélagslega ábyrgum hætti. Stjórn Arctica fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefin hafa verið út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum Atvinnulífsins.

Ein dýrmætasta eign sérhvers fjármálafyrirtækis er traust og trúverðugleiki, sem aftur ræðst af siðferði starfsmanna þeirra. Arctica leggur áherslu á traust og trúverðugleika félagsins og starfsmanna þess gagnvart viðskiptavinum, hluthöfum og samfélaginu. Þar skipa fræðsla og þekking starfsmanna, ásamt siðferðis- og hegðunarreglum félagsins, mikilvægan sess, en niðurstaðan grundvallast þó alltaf á hugarfari viðkomandi starfsmanna. Stjórnendur leggja því ríka áherslu á að skapa þá umgjörð og menningu sem líklegust er til að hlúa að og auka siðferðisvitund starfsmanna félagsins. Stjórn Arctica hefur samþykkt siðferðileg viðmið, sem er ætlað að vera grunnviðmið góðra viðskiptahátta og siðferðis innan Arctica. Viðmiðin gilda um samskipti Arctica og starfsmanna þess við viðskiptavinum, samstarfsmenn, eftirlitsaðila, hluthafa, samkeppnisaðila og aðra sem eiga hagsmuna að gæta. Viðmiðin taka mið af viðmiðum Samtaka fjármálafyrirtækja, sem Arctica er aðili að. Arctica gerir sér grein fyrir því að fyrirtæki hafa ekki aðeins hagfræðileg áhrif á nærumhverfi sitt, heldur einnig félagsleg áhrif. Því er mikilvægt að félagið hafi ætíð samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi, bæði í innri og ytri athöfnum og gjörðum sínum, jafnt í samskiptum fyrirtækisins við viðskiptavinum, starfsmenn, þjónustuaðila og samfélagið í heild.

Arctica hefur ávallt stutt við samfélagsleg málefni í umhverfi sínu og hefur veitt styrki til margvíslegra verkefna, stórra og smárra, og þannig haft aðkomu að góðgerðarmálum, menningarlífi og íþróttalífi.

¹ Á tímabilinu frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2020.

Þá eru starfsmenn hvattir til að leggja með beinum hætti góðum málefnum lið. Arctica hefur sett sér stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, annars vegar á milli félagsins sjálfs og viðskiptavina þess og hins vegar á milli viðskiptavina þess innbyrðis. Jafnframt hefur stjórn Arctica sett reglur um verðbréfiðskipti starfsmanna félagsins. Markmið þeirra er að stuðla að óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum og jafnræði á milli þeirra, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggja óháði starfsmanna og auka trúverðugleika Arctica. Starfsreglum stjórnar Arctica er, til viðbótar við ofangreindar reglur, ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála fyrir stjórn, vandaða og óháða málsmeðferð og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi Arctica. Í því skyni er starfsreglum stjórnar ætlað að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og félaga þeim tengdum við Arctica og aðgang stjórnarmanna að upplýsingum um viðskiptavini.

Arctica er einnig aðili að viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar á vegum Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð. Þá viljayfirlýsingu má finna á heimasíðu Festu.² Þá hefur Arctica gegnt stóru hlutverki við uppbyggingu fjármálamarkaða á Íslandi undanfarinn áratug. Í störfum sínum hefur Arctica kappkostað að gæta að heilbrigðum viðskiptaháttum og orðsporsáhættu með það að markmiði að efla fjármálamarkaði. Þannig verður, að mati Arctica, best tryggt að fjármálamarkaðir séu í stakk búnir að sinna því mikilvæga hlutverki sem þeir gegna í viðgangi og vexti samfélagsins.

Ferilskrár lykilstarfsmanna Arctica

Arctica sér fyrir sér að eftirtaldir lykilstarfsmenn Arctica myndu koma að mögulegu söluferli á Íslandsbanka. Aðrir starfsmenn Arctica kæmu að verkefninu eftir því sem þörf væri á.

Stefán Þór Bjarnason er framkvæmdastjóri og einn af stofnendum Arctica. Stefán var forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans á Íslandi og vann hjá Landsbankanum á árunum 1999 fram til október 2008. Á þessum tíma leiddi Stefán eða tók þátt í flestum af helstu fyrirtækjaráðgjafarverkefnum bankans. Stefán lauk kandidateprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1999, öðlaðist málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 2001, og hefur lokið prófi sem löggiltur verðbréfiðslari bæði á Íslandi og í Bretlandi.

Bjarni Þórður Bjarnason aðstoðarframkvæmdastjóri, er einn af stofnendum Arctica. Frá júní 2003 til október 2008 var Bjarni forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans. Fyrir þann tíma var Bjarni aðstoðarforstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Búnaðarbankans og þar áður einn af stofnendum Gildingar fjárfestingarsjóðs. Bjarni var fyrir þetta einnig sérfræðingur hjá Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings. Á síðustu árum hefur Bjarni veitt mörgum íslenskum og erlendum fjárfestum ráðgjöf í kaupum og sölum á fyrirtækjum og rekstri auk þess að safna hlutafé. Bjarni er vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá Southern Methodist University í Bandaríkjunum, auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfiðskiptum.

Jón Þór Sigurvinsson er forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar og einn af stofnendum Arctica. Jón Þór vann í Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans í tvö ár frá 2007-2008. Áður vann Jón Þór hjá fjárfestingafélaginu Straumborg, þar sem hann bar ábyrgð á fjárfestingum félagsins í orkugeiranum ásamt því að sjá um veltubók. Frá 2005-2007 sat Jón Þór í stjórn tveggja olíuleitarfyrirtækja. Frá 2004-2005 vann Jón Þór hjá Kjarnorkurannsóknarstofnun Frakklands, CEA. Jón Þór er með M.Sc. gráðu í orkuverkfræði frá Université Joseph Fourier í Frakklandi, B.Sc. gráðu í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og B.Sc. gráðu í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands, auk löggildingar í verðbréfiðslun.

Ólafur Þór Finsen er lögfræðingur og einn af stofnendum Arctica. Ólafur hefur starfað í fjármálageiranum frá 1999 eða í yfir 20 ár, þegar hann hóf störf í Búnaðarbankanum, en hann starfaði hjá Landsbanka Íslands frá júní 2003. Ólafur hefur komið að mörgum verkefnum tengdum

² Sjá <https://samfelagsabyrgd.is/assets/2020/10/viljayfirlýsing-undirskriftir2okt.pdf>.

fyrirtækjaráðgjöf og verðbréfavíðskiptum, þ.m.t. skráningu og afskráningu félaga í kauphöll og almennum útboðum. Ólafur lauk kandiðatsprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1998 og er með próf í verðbréfavíðskiptum.

Jón Ingi Árnason er forstöðumaður Markaðsviðskipta, en hann hóf störf hjá Arctica í mars 2020. Jón Ingi hefur starfað á fjármálamarkaði frá árinu 2000, fyrst hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum og síðar sem forstöðumaður og verðbréfamiðlari hjá Íslandsbanka, Kviku og Landsbanka Íslands. Frá árunum 2010 til 2015 starfaði Jón Ingi sem sjóðsstjóri hjá J Bond Partners og Landsbréfum. Jón Ingi er með B.S. í fjármálum frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Staðfesting á viðeigandi starfsleyfi Arctica Finance

Arctica hefur þær starfsheimildir sem til þarf til að sinna því hlutverki sem félagið sækist eftir með erindi þessu. Staðfestingu á starfsheimildum Arctica er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.³


Annað

Arctica staðfestir að það hafi kynnt sér ákvæði laga nr. 155/2012 og sjálfbærnisstefnu og markmið Íslandsbanka.

Arctica gerir ekki athugasemd við að yfirlýsing um áhuga Arctica sem lýst er í bréfi þessu verði birt með opinberum hætti.

Arctica er tilbúið til að veita frekari upplýsingar varðandi erindi þetta, verði óskað eftir því. Tengiliður Arctica er Stefán Bjarnason, framkvæmdastjóri, stefan@arctica.is, s: 513 3300.

**Virðingarfyllst,
F.h. Arctica Finance hf.**



**Stefán Þór Bjarnason,
framkvæmdastjóri.**

³ Sjá www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Yfirlit-yfir-starfsheimildir_FME_03.03.2020.pdf